Reykjavík 10. desember 1995.

Guðjón Skarphéðinsson, cand. theol. f. 19. júní 1943,

sækir um uppreist æru.

Til forseta Íslands.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 22. febrúar 1980 var ég undirritaður dæmdur til 10 ára fangelsisvistar fyrir brot á 2. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- fíkniefni og fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ég afplánaði refsingu mína í vistheimilinu á Kvíabryggju og fékk reynslulausn 12. október 1981 á eftirstöðvum refsingar, sem voru 1800 dagar. Ég fluttist þá til Kaupmannahafnar og stundaði þar almenna vinnu, unz ég hóf nám í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Lauk ég kandidatsprófi í desember 1994, og fjallaði kjörsviðsritgerð mín um siðbreytinguna á Íslandi. Þá hef ég lokið þeirri undirbúningsþjálfun, er krafizt er af þeim guðfræðingum, er vígjast til þjónustu innan dönsku kirkjunnar.

Ég hef eftir að refsivist lauk lifað heiðarlegu og reglusömu lífi; er kvæntur sálfræðingi og eigum við þrjú börn, en áður átti ég tvö börn.

Er mér því mjög brýnt að fá uppreist æru minnar.

Meðfylgjandi er ljósrit Hæstaréttardómsins og ljósrit sakavottorðs, ásamt með ljósriti af prófskírteini frá Kaupmannahafnarháskóla og vottorðum þeirra dr. Hjalta Hugasonar, lektors, síra Sigfinns Þorleifssonar, kennara í almennri sálgæzlu við guðfræðideild Háskóla Íslands og prófessors fil. dr. theol dr. Péturs Péturssonar.

Allrar virðingarfyllst,

Guðjón Skarphéðinsson

Guðjón Skarphéðinsson

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 11 DES. 1995
Málsnr.: 95120181
Bréfal.: 631.4

Samið af Haraldi Blöndal hrl.

631.4

Á að fylgja umsókn Guðjóns Skarphéðinssonar um uppreist æru

*Sr. Lárus Þorv. Guðmundsson,*
*Sendiráðsprestur,*

Kaupmannahöfn 13.12.95

Ég hef þekkt Guðjón Skarphéðinsson, (kennit. 190643 3369), síðastliðin sjö ár. Ég hef einnig kynnst fjölskyldu hans
Guðjón hefur reynst hinn besti vinur þeim sem hann hefur haft samskifti við og umgengist.
Hann er góður og nærgætinn fjölskyldufaðir og framkoma hans óaðfinnanleg við hvern sem er.
Hann er áreiðanlegur og orðheldinn
Honum gef ég bestu meðmæli til allra mannlegra samskifta.

Lárus Þorv. Guðmundsson.

Kaupmannahöfn 13.12.95

Til þeirra sem málið varða.

Af gefnu tilefni votta ég að ég hef þekkt Guðjón Skarphéðinsson, (kennit. 190643 3369), síðastliðin sex ár.
Ég hef einnig kynnst fjölskyldu hans
Guðjón hefur reynst hinn besti vinur þeim sem hann hefur haft samskifti við og umgengist.
Hann er góður og nærgætinn fjölskyldufaðir og framkoma hans óaðfinnanleg við hvern sem er.
Hann er áreiðanlegur og orðheldinn
Honum gef ég bestu meðmæli til allra mannlegra samskifta.

Sigurveig Georgsdóttir

Sigurveig Georgsdóttir,

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Guðfræðideild

Suðurgötu, 101 Reykjavík

Undirritaður hefur kannað kunnáttu Guðjóns Skarphéðinssonar (kt. 190643-3369) í íslenskri kirkjusögu með embættisgengi hans til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni í huga.

Guðjón lauk kandídatsprófi í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Skrifaði hann þá kjörsviðsritgerð um siðbreytinguna á Íslandi, upptök hennar, þróun og rótfestingu. Ritgerðin, sem er allviðamikil og hlaut góða dóma við námsmat, sýnir, að Guðjón hefur fengist við eitt mikilvægasta tímabil íslenskrar kirkjusögu. Þá fjallar hann í ritgerð sinni nokkuð um sögu íslenskrar kristni á miðöldum.

Í samræðum sýndi Guðjón, að hann hefur gott yfirlit og glögga heildarsýn á helstu viðfanfsefni íslenskrar kirkjusögu.

Reykjavík 4. ágúst 1995

Hjalti Hugason

Hjalti Hugason
dósent í kirkjusögu

HÁSKÓLI ÍSLANDS
**UNIVERSITY OF ICELAND**
Pétur Pétursson fil.dr., teol.dr.
prófessor í kennimannlegri guðfræði
sími fax

GUÐFRÆÐIDEILD
**FACULTY OF THEOLOGY**
Suðurgötu, 101 Reykjavík
14. ágúst 1995

Hérmeð vottast að undirritaður hefur prófað Guðjón Skarphéðinsson (f. 19/6 1943) í íslenskum kirkjurétti og að Guðjón hefur staðist munnlegt próf í þeirri grein.

Pétur Pétursson

Guðjón Skarphéðinsson (kt. 190643-3369), sem lokið hefur kandídatsprófi í guðfræði frá Kaupmannarhafnarskóla, hefur í námi sínu m.a. lagt stund á sálgæslufræði. Guðjón hefur jafnframt lokið þeirri undirbúningsþjálfun, sem danska kirkjan krefst af kandídötum hyggist þeir hefja presstskap innan vébanda hennar. Í þeirri þjálfun er sálgæslan ein af þeim greinum, sem lögð er til grundvallar.

Það er mat undirritaðs, að Guðjón hafi til að bera þá kunnáttu og færni í sálgæslu, sem geri hann fullkomnlega hæfan til að gegna prestsembætti innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Reykjavík 4. ágúst 1995

Sigfinnur Þorleifsson
kennari í sálgæslu við guðfræðideild HÍ

Tillaga
til forseta Íslands
um uppreist æru.

Guðjón Skarphéðinsson, kt. 190643-3369, til heimilis að [redacted] hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar að því er snertir dóm Hæstaréttar, uppkveðinn 22. febrúar 1980, 10 ára fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Fellst á tillöguna!
Vigdís Finnbogadóttir

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður forseti Íslands, mætti þóknast

Reykjavík,
18. desember 1995.

a ð veita nefndum Guðjóni Skarphéðinssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm, og

a ð rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með fylgir.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
18. desember 1995

Allravirðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson

Þorsteinn A. Jónsson

Staðfest í ...
21/12 1995